

Athugasemdir íbúaráðs Vesturbæjar varðandi nýjan viðauka við Aðalskipulag Reykjavíkur.

Miklabraut í stökk:

Bílaumferð á yfirborði um Miklubrautar í Austurbæ og Hlíðum mun minnka með stökkagerð sem er gott fyrir íbúa þar þegar framkvæmdum er lokið. Stökkurinn mun einnig skapa nauðsynlegt pláss fyrir væntanlega Borgarlínu.

Hinsvegar mun heildarumferð sem kemur yfir í Vesturbæ líklega aukast út af stökkagerðinni þar sem mun fleiri bílar komast vestur beint í gegnum stökkinn sem leiðir umferðina beinustu leið inn á Hringbraut. Því þarf að gera ráðstafanir til að umferð á leið niður í Kvosina og gamla-Austurbæ fari ekki í gegnum Vesturbæ.

Ekki er búið að finna lausnir á því hvað verður um umferðina sem fer nú um Miklubraut á meðan framkvæmdir á stökk eru í gangi. Miklabraut er nú eina aðalæðin út úr borginni frá Vesturbæ. Ekki er ásættanlegt fyrir íbúa Vesturbæjar, án alvöru lausna, að loka henni til lengri tíma, því það hefði slæm áhrif á hverfið og íbúa þess. Forsenda fyrir farsælum framkvæmdatíma stokksins án of mikils núnings við íbúa Vesturbæjar er að finna fyrst lausn á umferð að og frá hverfinu.

Umferð um Hringbraut mun einnig aukast með nýbyggingum víðs vegar í Vesturbæ, nýju hverfi út í Skerjafirði, landfyllingum og atvinnuhúsnæði úti á Granda að ónefndum ýmsum áformum á Seltjarnarnesi. Þar sem Hringbraut getur ekki tekið við meiri umferð er sagt áriðandi að Vesturbæingar breyti ferðavenjum sínum og noti almenningssamgöngur ásamt virkum samgöngumátum. Til þess að það sé hægt er mikilvægt að ráðast í að endurhanna og gera eldri íbúagötur Vesturbæ með þarfir gangandi og hjólandi í forgangi. Einnig er nauðsynlegt að gera mun betri og öruggari þveranir yfir Hringbraut sem er mikill farartálmi. Mikilvægt er að þveranir séu hannaðar af þverfaglegum teymum með heildarsýn á umhverfið í huga.

Varðandi almenningssamgöngur er mikilvægt að Borgarlínan og almennar strætósamgöngur nýtist íbúum hverfisins. Íbúaráð Vesturbæjar mun skoða sérstaklega almenningssamgöngur í hverfinu þegar kemur að kynninu á Borgarlínu í ráðinu.

Íbúabyggð á KR svæði

Lögð er áhersla á græn svæði í aðalskipulagi á sama tíma er verið að taka hluta af þeim fáu opnu svæðum sem eftir eru í Vesturbæ undir íbúðir. Við teljum að þetta svæði sé mjög þarft fyrir þróun á fjölbreyttri íþróttastarfsemi og útivist í hverfinu og þá sérstaklega þar sem lítið er um önnur svæði í boði. Mikilvægt er að samstaða sé um notkun svæðisins hjá íbúum hverfisins þar sem íþróttafélagið sinnir mjög mikilvægu starfi í hverfinu. Hafa þarf í huga hagsmuni allra deilda KR þegar farið er í slíkar framkvæmdir og passað upp á að það fáiist önnur svæði á móti ef partur af íþróttasvæðinu er tekið undir íbúabyggð.

Gæði íbúðarbyggðar og sólrík útisvæði Barnvænt umhverfi

Stjórn Íbúaráðs Vesturbæjar vill benda á mikilvægi þess að strandlengjan fái nægilega birtu og sólarljós. Brýnt er að byggð við ströndina sé hæfilega há og þétt í samræmi við nálæga byggð. Bent er á að gott sé að taka sérstaklega fram að strandlengjan í íbúabyggð séu öll hugsuð sem almenningsrými, og hugað verði sérstaklega að sólarljósi og grænum tengingum í öllum skipulagstillögum sem hafa áhrif á strandlengjuna.